

Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 20. október 2010 kl. 10:35-11:35 í Urðarbrunni.

Kristinn Þorsteinsson, (K.Þ.), **skólameistari**, setti fundinn og fór yfir framkvæmd fundarins þ.e. að nemendur geti borið upp spurningar til stjórnenda FG eða nemendafélagsins eða komið með ábendingar jákvæðar jafnt sem neikvæðar. Síðan myndu stjórnendur leitast við að svara eftir bestu getu. Fundargerð síðasta opna fundar frá vorönn 2010 hefur verið send út til allra nemenda.

730 nemendur voru í skólanum við upphaf annar en eitthvað hefur fækkað. Það er auðveldara á ýmsan hátt að vera með fjölmennan skóla t.d. hvað framboð á áföngum varðar, en það eru líka vandræði sem fylgja miklum fjölda eins og t.d. plássleysi í stofum og skortur á borði og stólum.

Kvartað er undan umgengni í skólanum og nemendur beðnir að taka sig á. Það hangir yfir að loka þurfi mótuneytinu vegna slæmrar umgengni og kallað er eftir lausnum frá nemendum. Það virðist vekja hlátur og klapp frá nemendum ef leirtau og/eða glös brotna en einhver þarf að þrifa upp glerbrotin og slysa hætta getur skapast ef einhver sker sig.

Mæting hefur batnað í FG en betur má ef duga skal.

Orðið gefið laust til nemenda:

Fyrirspurn úr sal, (F.sp.) - Vegna hraðahindrana – hafa orðið slys þar sem þær eru?
Nemendur koma of seint vegna bílaraða á morgnana.

K.Þ. – Vildi helst opna aðra braut inn á bílastæðið en hraðahindranir voru lausn bæjaryfirvalda. Raðir freka vegna þess hve margir eru að koma á sama tíma á morgnana en vegna hraðahindrananna.

F.sp. – Af hverju tvær hraðahindranir? Keyra FG ingar illa?. Af hverju byrjað kl.8?

K.Þ. – Vísað til bæjarritara. Til að bæta við stökk í stundatöflu svo allir áfangar komist fyrir.

F.sp. - Getum við byrjað seinna í skólanum?

K.Þ. – Þá verðum við að vera lengur fram eftir á daginn.

F.sp. – Af hverju ekki 40 mín. **tímar**?

K.Þ. – Góð reynsla af 60 mín. tímum – betri nýting á tímum. Síðasti tími fyrir matarhlé er 55 mín. sem þýðir lengri tími í hádegi og þannig var komið til móts við óskir nemenda frá síðasta opna fundi.

F.sp. – Hrós til nemendafélagsins fyrir vel unnin störf.

KLAPP FRÁ SALNUM

F.sp. – Af hverju 0,5 fjarv.st. fyrir seinkomur?

K.Þ. – Þessi regla var sett til að bæta mætingu nemenda og hefur virkað sem slíkt.

F.sp. – Er hægt að bæta við sófum?

K.Þ. – Til að koma til móts við mikinn fjölda nemenda í skólanum var nýnemum boðið upp á að hafa heimastofur sem þeir þáðu ekki. Einnig voru keypt borð og stólar í stofur. Munum athuga betur með kaup á sófum.

F.sp. – Hvar má vera og reykja?

K.Þ. – Ekki á skólalóðinni sem afmarkast af vegunum í kringum skólann. Tilmæli til nemenda að vera ekki að reykja fyrir framan litlu krakkana í Hofstaðaskóla.

F.sp. - Tekur of langan tíma að fara svona langt og reykja, sem þýðir að nemendur koma of seint í tíma.

K.Þ. – Besta leiðin er að hætta að reykja.

F.sp. – Er hægt að fá frítt kaffi og mjólk í mötuneytinu?

K.Þ.- Nei, skólinn ræður ekki við það.

F.sp. – Er hægt að fá nýja áfanga eins og lögfræði o.fl.?

K.Þ. – Við 143 sem er lögfræðiáfangi er í boði og svo geta nemendur komið með undirskriftarlista og beðið um að ákveðinn áfangi verði kenndur. Nú kennum við Jap 103 að ósk nemenda frá síðasta opna fundi og svo undirskriftarlista í framhaldinu.

F.sp. - Það eru 40 mín. tímar í Versló, eru þau að skila sama tímafjölda og FG til stúdentsprófs?

K.Þ. – Já, alltaf sami fjöldi mínútna bak við hverja einingu.

F.sp. – Aðrir skólar leyfa reykjar á skólalóð, af hverju er FG svona strangur?

K.Þ. – Ekki rétt, skólar eru að taka á þessu.

F.sp. – Það vantar að fleiri kennarar noti námsnetið.

K.Þ. – Námsnetið mismikið notað, ekki hægt að skylda kennara til að nota það en mælst er til þess.

F.sp. – Nemandi vill að kennarar séu skyldaðir til að nota námsnetið.

F.sp. – Af hverju eru ekki böll á föstudögum?

Nem.fél. – Ekki leyfilegt.

F.sp. – Koma fleiri skápar?

K.Þ. – Já, þeir eru komnir í hús og verða settir upp á næstu dögum.

F.sp. – Pókermót?

K.Þ.- Bíðum eftir svörum frá fleiri álitsgjöfum um pókermót í skólum. Forvarnateymið er á mótum pókermótum í skólanum. Skólameistari á mótum því sem fjárhættuspili en ekki spilinu sem slíku.

Form. Leikfélagsins - Búið að velja leikara í leikritið. Fundir með leikstjóra, markaðsstjóra o.fl. framundan.

Forvarnfulltrúi - Galakvöld haldið 28.október þar sem skólinn býður útskriftarefnum haust 2010 og vor 2011 til kvöldverðar og dansleiks í skólanum. Tveir danstímar verða í boði dagana fyrir Galakvöldið. Skráning hjá forvarnfulltrúa.

F.sp. Kvennafrídagur 25.10. – mega stelpur í FG fá frí?

K.Þ. – Hvetur kvenkennara til að ganga út og stelpur fá ekki fjarvist eftir kl. 14.45.

F.sp. – Kennarar fara í undirgöngin til að reykja. Má fara í samkeppni við mötuneytið með veitingasölu?

K.Þ.- Sömu reglur gilda fyrir starfsmenn og nemendur í reykingamálum. Könnun hefur verið gerð þar sem verð í mötuneyti var talið sanngjarnt. Kannski kominn tími á aðra könnun?

F.sp. - o,5 fjarv.stig mikið fyrir seinkomur. Væri hægt að fá bekki á skólalóðina? FG horfir stíft á reykingbannið en notar áfengismæla á böllum sem er ekki löglegt.

K.Þ. – Kemur vel til greina að fá bekki á skólalóðina, gæti nýst t.d. við útikennslu á vorin og haustin. Sótt var um til bæjaryfirvalda að fá að setja upp körfuboltakörfur á Mýrina, enn beðið svars. Notkun áfengismæla á skólaböllum er lögleg.

Nem.fél. – Sendi fyrirspurn til menntamálaráðuneytis vegna áfengismælanna og fékk svar. Eru þeir notaðir í FG í samræmi við það svar?

K.Þ. – Látum sem flesta nýnema blása til að vinna gegn því að yngstu nemendurnir byrji að drekka áfengi. Þetta er í samræmi við svarbréf ráðuneytisins.

Nem.fél. – Ef nýnemi er ölvaður þýðir það að hann er látinn blása.

K.Þ. – Já, látum sem flesta blása.

F.sp. - Kennari tilkynnti í upphafi annar að hann myndi ekki nota námsnetið.

K.Þ.- Ekki skylda kennara að nota námsnetið.

F.sp. – Geta nemendur komið á framfæri í viðhorfskönnun hvort kennari notar námsnetið þ.e. er hægt að hafa spurningu þess efnis?

K.Þ. - Hægt að skrá það í athugasemdadálkinn í könnuninni.

F.sp. – Er hægt hafa fleiri fótoltamót í FG?

Nem.fél. - Ekkert mál.

F.sp. – Langlokur í mötuneyti eru ekki dýrar miðað við verð í Bónus.

F.sp. – Af hverju fær maður fjarvist vegna veikinda?

K.Þ. – Nemendur hafa ákveðinn fjarvistakvóta sem m.a. er hugsaður til að mæta veikindum. Í lok annar geta þeir nemendur sem hafa veikst á önninni en eru að öðru leyti með mjög góða mætingu sótt um niðurfellingu veikindanna.

Fundi slitið

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri

